


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Smí 406	Kennsluáætlun vor 2011

Kennari	Gunnlaugur Björnsson-Hörður Óskarsson-Kristín Petra Guðmundsdóttir-Stefán Finnbogason	Sk.st.	GBJ-HSK- KPG-STF
----------------	--	---------------	---------------------

Undanfari: SMÍ 304


Áfangalýsing: Neminn á nú að geta unnið nokkuð sjálfstætt, þó undir eftirliti sé. Nemendur reyni eftir megni að einbeita sér að því sviði málmíðnaðar, sem og ef þeir hafa ákveðið að taka í framhaldi síns grunnnáms, ef þess er kostur. Nemendur kynni sér hina ýmsu vinnustaði sem starfa á sviði málmíðnaðar. Nemandi á að læra að geta unnið samkvæmt teikningum og metið hvernig best er að vinna verkið með tilliti til kostnaðar, öryggis, efnisvals og gæða. Nemendur ættu að geta, að áfanga loknum óstuddir og hjálparlaust, t.d. rennt eða fræst tilfallandi verkefni eftir vinnuteikningu, merkt upp einfalda útflatninga eftir nákvæmum vinnuteikningum, formað með beygingu og völsun og sett saman, sem og beitt þeim málmsuðuaðferðum sem við á hverju sinni. Nemendur fá nokkra innsýn í Listmunasmíði eða Metal Art-vinnu undir leiðsögn gullsmíðameistara. Farið er yfir meðferð, umhirðu og öryggisþætti allra véla og tækja sem kemur að vinnu þeirra, sem og annara almennra öryggisþátta á verkstæðinu.

Markmið: Að neminn geti rennt verkefni samkvæmt teikningum upp á málvik frá $\pm 0,1$ mm. til $\pm 0,02$ mm; og þekki heiti helstu hluta bekkjarins, kunni á þeim skil, sem og algengasta fylgibúnaði, þá kunni hann einnig skil á vinnsluháttum og geti unnið í, bor og fræsivélum, fundið út snúnings og færsluhraða véla, áætlað verk, og sé mjög vel meðvitaður um öryggisþætti og reglur þessara tækja. Að hann þekki helstu vinnureglur og vinnubrögð varðandi grunnatriði í þunnplötuvinnu sem og þau tæki og verkfæri er þar eru notuð. Að hann hafi nokkra innsýn í vinnu gull og silfur smíðsins, sem og annari tengdri Metal Art vinnu og geti unnið sér til gagns og gamans einfalda hluti úr hinum ýmsu málum. Kunni skil á og geti beitt hinum ýmsu málmsuðuaðferðum. Og ekki síst er að hann fái hugmynd um hvernig er að glíma við “venjulega verkstæðisvinnu” og hann fái tilfinningu fyrir því hvernig það er að vera óbreyttur starfsmaður að glíma við almenna og oft óvænta vinnu.

Námsgögn: Auk véla og verkfæra eru það handbækur og töflubækur ýmiskonar - Verkefnisglærur, vélaglærur, ofl. - Ýmiskonar kennslumyndbönd yfir vélar, verkfæri, verktækni, öryggismál o.fl.

Áætlun um yfirferð: Hver nemandi vinnur að sínu verkefni eftir því sem tæki og vélar leyfa og dreifist það þannig að nemendur vinna að mismunandi verkþáttum í hverri viku, mörgum þeirra algjörlega óundirbúið. Því er ekki gefin upp nein nákvæm vikuáætlun.

Verkefni: Áfanginn er hugsaður sem nokkuð opinn áfangi þ.e. almenn vinna sem til fellur hverju sinni, innan skóla sem utan, og ber keim af því að verk komi inn á verkstæði til úrlausnar. Þessi vinna getur verið af ýmsum toga og tekið yfir margskonar verkþætti og þekkingu. Þetta er gert til að reyna að gera nemanum grein fyrir mismuninum á föstum og fyrirfram ákveðnum verkefnum og svo hinni hliðinni, því óvænta sem kemur upp “núna”.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Smí 406 Kennsluáætlun vor 2011	

Suðupakkinn er þriðjungur tímans og verður tekinn fyrir sérstaklega sem SMÍ 406 suða og jafngildir í raun MLS 402 eða HSU 202. Þá er Listmunasmíðin eftir, þar eru ákveðin verkefni í gangi sem þarf að standa skil á og eru fyrir fram ákveðin af kennara hverju sinni. En einnig á að vera svigrúm fyrir nemandann að vinna í þessum hluta að sérverkefnum, jafnvel eigin hönnun, sem þarf þá að skila skyssuðum og útskýrðum. Vinnustaðaheimsóknir munu vera fastur liður í áfanganum, og skal að jafnaði einn vinnustaður heimsóttur í annari hverri viku, eiga þessar heimsóknir að vera eins fjölbreyttar og völ er á og leitast við að varpa sem bestu ljósi á fjölbreytt störf málmíðnaðar mannsins. Nemandi er gert að skila vettvangsskýrslu um hverja ferð og þarf hún að hafa borist kennara fyrir næstu ferð.

Námsmat og vægi námsþátta: Verkleg lokapróf, vega 25% af lokaeinkunn - Mat á vetrarstarfi, vegur 70% af lokaeinkunn – Fyrirtækjaheimsóknir, skrifleg skýrsla um hverja heimsókn, vega 5% af lokaeinkunn -Við mat á vetrarstarfi er sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Heildarrmat á frágengnum verkefnum
- b) Verkefnisframkvæmd og nákvæmni
- c) Frágangur og uppsetning
- d) Ástundun og verkefnaskil
- e) Umgengni um vélar, verkfæri og vinnustað

Annað:

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganunum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka. Verður sú umsókn að koma fram ekki seinna en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistarmörk.

Tuskudagur: Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður “tuskudagur” þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils